



Til bæjarráðs.

Kópavogi, 24. febrúar 2022
2109926/001.00 SMK

Efni: Barnaþing Kópavogs 2022 haldið 10. mars n.k. í Geðræktarhúsi Kópavogs

Ágæta bæjarráð.

Einn hluti innleiðingarferlis Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í Kópavogi var að setja upp verkferli sem felur í sér árlegt barnaþing meðal allra grunnskólanna í Kópavogi þar sem börn geta ályktað og komið með tillögum til bæjarstjórnar.

Mikil vinna hefur átt sér stað í vetur innan skólanna, stundum við undarlegar aðstæður vegna heimsfaraldursins. Haustið byrjaði á því að haldið var námskeið í lýðræðislegum vinnubrögðum til að þjálfa kennara og starfsfólk frístundaheimila og félagsmiðstöðva í að hlusta á raddir barna. Haustið 2021 voru fengnir fyrirlesararnir dr. Ólafur Páll Jónsson, prófessor í heimspeki við menntavísindasvið Háskóla Íslands, og Tinna Rós Steinsdóttir, sérfræðingur í þátttöku og velferð barna. Ólafur Páll hélt fyrirlesturinn „Með lýðræðið í lúkunum“ og Tinna Rós fyrirlesturinn „Rætt við börn – lýðræðisleg þátttaka grunnskólabarna.“ Allir starfsmenn skólanna og félagsmiðstöðvanna sem eru í teyrum skólanna og undirbúa barnaþing innan sinna skóla, sátu námskeiðið. Áætlað er að halda sambærileg námskeið á hverju hausti fyrir barnaþingsteymi skólanna.

Svo réðust allir grunnskólar Kópavogs í undirbúning innan skólanna og héldu ýmsar útfærslur af skólaþingum þar sem allt að fjórar tillögur voru lagðar fram fyrir hönd hvers skóla. Hver skóli valdi tvo barnaþingmenn sem sína fulltrúa á barnaþinginu. Barnaþingmennirnir eru um þessar mundir að velja úr tillögum allra skólanna þær sem verða unnar á barnaþingi og fara að lokum áfram til kynningar fyrir bæjarstjórn.

Fyrsta barnaþing Kópavogs verður haldið 10. mars næstkomandi í nýju Geðræktarhúsi Kópavogs. Þar munu barnaþingmennirnir taka valdar tillögur (gert er ráð fyrir sex endanlegum tillögum) og vinna þær frekar. Í framhaldi fá allir nemendur grunnskóla Kópavogs tækifæri til að tjá sig um tillögur skólanna í rafrænu umsagnarferli.

Barnaþingmennirnir fara svo fyrir bæjarstjórn með valdar tillögur, kynna þær og bæjarstjórn tekur afstöðu til þeirra. Barnaþingmennirnir leggja einnig fram umsagnir grunnskólanema við tillögurnar í skýrslu.

Að lokum verða niðurstöður bæjarstjórnar kynntar fyrir grunnskólum Kópavogs og undirbúningur hefst fyrir barnaþing Kópavogs 2023.

Virðingarfyllt,

Sigrún María Kristinsdóttir
Verkefnastjóri íbúatengsla